




Hvernig munu tekjur fyrirtækisins breytast?




Hvernig mun ráðning nýrra starfsmanna breytast?




Hver er líkleg þróun skuldsetningar fyrirtækisins?



Hafa fjárhagslegar horfur fyrirtækisins breyst?



Hefur fjárhagsleg áhætta fyrirtækis þíns breyst?



Fyrirtæki Á næstu tólf mánuðum ætla flest fyrirtæki að leggja áherslu á lækkingu kostnaðar

Gosmengun yfir rekstri fyrirtækja

Fjármálastjórar íslenskra fyrirtækja telja ekki tímabært að auka áhættu í efnahagsreikningi fyrirtækja. Fá fyrirtæki ætla að fjölga starfsmönnum á næsta ári og áherslan er á innri vöxt.

BJARNI ÓLAFSSON
bjarni@vb.is

Ekki virðist vera að birta mikið til í rekstri fyrirtækja, ef marka má könnun sem Deloitte gerði meðal fjármálastjóra 300 stærstu fyrirtækja landsins í október. Sé horft til næstu tólf mánaða gera fyrirtæki ráð fyrir að tekjur muni aukast lítillega en flest fyrirtæki gera ekki ráð fyrir fjölgun starfsmanna. Fjármálastjórar telja almennt að fjárhagslegar horfur hafi verið svipaðar á árinu 2014 og í fyrra og yfirgnæfandi meirihluti þeirra telur ekki góðan tíma nú til auka áhættu í efnahagsreikningi fyrirtækja. Spurðir um áhættu í rekstrarumhverfi fyrirtækja telja fjármálastjórar að fjárhagsleg áhætta hafi staðið í stað eða aukist nokkuð á síðustu tólf mánuðum. Vaxtataekifæri hafa ekki aukist.

Ráðgjafarsvið Deloitte gerði könnunina í október, eins og áður segir, en könnunin var sett á laggirnar að fyrirmynd Deloitte á alþjóðavísu og tilgangur hennar er að sýna mat fjármálastjóra á stöðu fyrirtækja og efnahagsumhverfisins. Þessi könnun er gerð tvisvar á ári og var fyrsta könnunin gerð í apríl á þessu ári. Taka ber fram að könnunin var gerð fyrir vaxtalækkun Seðlabankans.

Nokkuð bjartsýnir á hagvöxt


Á næstu tólf mánuðum ætla flest fyrirtæki að leggja áherslu á lækkingu kostnaðar og innri vöxt. Einnig ætla mörg fyrirtæki að lækka skuldir og kynna nýjar vörur. Fjármálastjórar gera ekki ráð fyrir að auka skuldsetningu á næstu tólf mánuðum og telja flestir mjög ólíklegt að fyrirtækið muni gefa út nýtt hlutafé.

Meirihluti fjármálastjóra er nokkuð bjartsýnn á hagvaxtarhorfur á Íslandi til næstu tveggja ára og telur að hagvöxtur muni aukast, en rúmlega þriðjungur fjármálastjóra telur að hagvöxtur muni standa í stað. Spurt var um mat fjármálastjóra á hluta-



Fjármálastjórar íslenskra fyrirtækja segja stýrivexti of háa.
VB MYND/HAG

Á hvað verður lögð áhersla innan fyrirtækisins?



*Aðeins þessir kostir voru í boði, en merkja mátti við fleiri en einn þeirra.

þrefamarkaði og spáðu flestir að Úrvalsvisitala Kauphallarinnar myndi hækka nokkuð á næstu 6 mánuðum. Árni Jón Árnason, meðeigandi

á Deloitte, segir í samtali við Viðskiptablaðið að túlka megi niðurstöðurnar nánast eins og að gosmengun hvíli yfir rekstri íslenskra fyrirtækja.

BRETAR BJARTSÝNNI


Sambærileg könnun og sú sem framkvæmd var í október á Íslandi var gerð á sama tíma í Bretlandi og er áhugavert að bera niðurstöður kannananna tveggja saman. Fjármálastjórar á Íslandi eru áhættufærir á sama tíma og áhættusækni fjármálastjóra á Bretlandi er í sjö ára hámarki. Um 90% fjármálastjóra á Íslandi telur ekki rétt að auka áhættu í efnahagsreikningi fyrirtækja nú en 72% fjármálastjóra á Bretlandi telur góðan tíma núna til að auka áhættu í efnahagsreikningi. Áhættusækni breskra fjármálastjóra skýrist af batnandi efnahagsástandi í Bandaríkjunum, góðum vexti í Bretlandi og nægu framboði af lausafé. Þrátt fyrir aukna

áhættusækni breskra fjármálastjóra þá telja þeir þó að óvissa í rekstrarumhverfi breskra fyrirtækja hafi aukist að undanfögnu. Helsti áhættuþáttur í rekstri fyrirtækja í Bretlandi er talinn vera pólitísk áhætta og telja má að það séu áhrif kosninganna í Skotlandi um sjálfstæði landsins. Árni Jón Árnason segir einnig að ekki sé hægt að útiloka að þar séu menn að vísa í deilur David Cameron við ESB. „Cameron hefur lofað þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Bretlands í ESB og af því hafa mörg stór fyrirtæki áhyggjur.“ Um 84% fjármálastjóra á Bretlandi telur að lántaka hjá bönkum sé hagkvæm meðan 32% íslenskra fjármálastjóra telja lántöku hjá bönkum hagkvæma.

„Niðurstöðurnar komu okkur töluvert á óvart því við bjuggumst við því að meiri kraftur yrði í atvinnulífnum á seinni helmingi ársins og meiri bjartsýni. Fyrirtæki ætla ekki að ráða nýja starfsmenn, þau spá tiltölulega litlum tekjuvexti og telja sig ennþá vera of skuldbær. Þau ætla að stækka með innri vexti, en eru ekki að hugsa um stækkingu með samrunum eða stærri fjárfestingum. Hið jákvæða er að menn virðast trú á því að áframhaldandi hagvöxtur verði næstu árin og líta til þess að aðstæður batni. Hlutaþrefamarkaður muni hækka. Undirtónninn er því sá að það er margt jákvætt fram undan, en til skemmri tíma litid sé ekki útilit fyrir hraða uppsveiflu. Menn eru ekki tilbúnir að taka áhættu til að stækka og auka tekjur.“


Hvernig metur fyrirtækið álag banka á grunnvexti?

– vegna lánveitinga




Hvernig er skuldsetningu fyrirtækja almennt háttáð?

Hæfilega skuldsett




Hvernig mun komið fyrir OMX18 vísitölunni?

– eftir 6 mánuði




Hvernig horfir með hagvöxt á Íslandi?

– næstu tvö ár



Hver verður þróun í fjölda samruna og yfirtaka?

– á Íslandi næstu 12 mánuði



Eiga inni framleiðniaukningu

Árni segir einnig áhugavert að þátttakendur í könnuninni segja stýrivexti enn of háa og lánsfé of dýrt. „Við verðum að hafa í huga að ekki öll fyrirtæki geta gefið út skráð skuldbréf og nýtt sér lægra vaxtastig með þeim hætti. Lánsfjármagnid er dýrt á Íslandi vegna þess hve stýrivextir eru háir því í gjaldeyrishöftum hafa stýrivextir miklu meira um það að segja hver lánakjör eru en þegar menn hafa óheft aðgengi að erlendu lánsfé.“

Þá segir Árni að sá tregi við nýráðningar sem merkja megi í könnuninni og áherslan á innri vöxt bendi

til þess að menn telji fyrirtæki búa yfir vannýttum framleiðsluþættum og eigi þess vegna inni framleiðniaukningu. Ef menn vilja draga ályktanir af könnuninni og vilja tryggja hagvöxt þá er hún sú að búa verði til umhverfi sem geri áhættutöku fyrirtækja meira aðlaðandi. Vaxtastig Seðlabankans skiptir þar máli, en einnig tiltrú á stjórnvöldum og stefnu þeirra, t.d. hvað varðar skattalagabreytingar. Það er lítil óvissa varðandi fjárlögin, en stóra þúsið er Seðlabankinn og ekki síður afnám hafta. Þau eru takmarkandi þáttur á vöxt íslenskra fyrirtækja.“

BMW EfficientDynamics

X5 sDrive25d | 5,8 l/100 km | 160 kW (218 hö)

BMW X5

Hrein akstursgleði

www.bmw.is

AKTU FRAMFÖRUM.

#BMWstories

5,8 l/100 km er viðmiðunartala framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

BMW X5, verð frá: **10.490.000 kr.**

Við kynnum þriðju kynslóðina af BMW X5 með eina sparneytnustu dísilvélina í sínum flokki. Nýi BMW X5 er léttari og með minni loftmótstöðu en keppinautarnir. Hann kostar frá 10.490 þús. kr. með 218 hestafla dísilvél og 8 gíra sjálfskiptingu og notar einungis 5,8 l/100 km í blönduðum akstri. Aktu framförum – kynntu þér nýjan BMW X5!



BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000